

Mánudaginn 20. janúar 1992.

Nr. 449/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gauta Ólafssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Nauðgun. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1991 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds, til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Héraðsdómari færir brot ákærða réttilega til refsíákvæðis í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður fallist á það sakarmat héraðsdómara, að líkamsáverkar þeir, er ákærði veitti brotþola, eigi undir verknaðarlýsingu 217. gr. almennra hegningarlaga, en ekki 1. mgr. 218. gr. sömu laga, eins og í ákæru greinir. Í því sambandi ber sérstaklega að athuga, að ákærvaldið hefur ekki gert reka að því að leggja fyrir Hæstarétt upplýsingar um andlegt heilsufar brotþola umfram þær, sem fram koma í vottorðum lækna og félagsráðgjafa skömmu eftir hinn umrædda atburð og raktar eru í héraðsdómi. Ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga tæmir hins vegar sök gagnvart 217. gr. laganna, og verður því ákvæði eigi beitt samhliða við refsíákvörðun. Við mat á refsingu ber jafnframt að líta til 8. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga, eins og héraðsdómari gerir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, ber að staðfesta ákvörðun hins áfrýjaða dóms um miskabætur. Þá verður ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfest.

Ákærði skal greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gauti Ólafsson, sæti fangelsi í tvö ár.

Staðfest eru ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. október 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 24 október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakaðómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 529/1991: Ákærvaldið gegn Gauta Ólafssyni, sem tekið var til dóms 9. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 2. ágúst sl., á hendur Gauta Ólafssyni, Álfheimum 5, Reykjavík, fæddum 10. júlí 1964, fæðingarnúmer 776, „fyrir“ nauðgun og líkamsárás með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 9. júlí 1991 í kjallaraherbergi nr. 104 á Hótel City, Ránargötu 4 A, ráðist á konuna X, fædda [.....] 1958, slegið hana hnefahögg í andlitið, svo að hún missti meðvitund, og þröngvað henni með ofbeldi til holdlegs samræðis, síðan slegið hana nokkur högg í andlitið, allt með þeim afleiðingum, að konan hlaut áberandi mar og bólgu umhverfis hægra auga og missti tvær framtennur í efri gómi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist“.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík kom X kl. 3.30 aðfaranótt laugardagsins 9. júlí sl. á lögreglustöðina í Reykjavík og kærði Gauta Ólafsson, ákærða í máli þessu, fyrir líkamsárás og nauðgun í herbergi á Hótel City, sem ákærði tók á leigu þessa nótt. Samkvæmt lögregluskýrslunni kom ákærði á sama tíma og X á lögreglustöðina og viðurkenndi þennan verksnað. Var hann færður í framhaldi af því í fangageymslu og vistaður þar til morguns, en þá fékk Rannsóknarlögregla ríkisins málið til rannsóknar. X var færð á slysadeild Borgarspítalans.

Samkvæmt læknisvottorði Jóns Baldurssonar, læknis á slysa- og bækl-

unardeild Borgarspítalans, dags. 12. júlí, kom X á slysadeildina kl. 3.36 þessa sömu nótt. Í vottorðinu segir, að hún hafi kvartað um óþægindi frá glóðarauga hægra megin. Þá segir þetta í vottorðinu um ástand hennar:

„Við skoðun var sjúklingur vakandi, áttuð (sic) á stað og stund og með eðlileg lífsmörk. Ölvunareinkenni voru talsverð og mikil áfengislykt úr vitum. Við skoðun á höfði var áberandi mar og bólga umhverfis hægra auga, augnhreyfingar voru hins vegar eðlilegar og sjúklingur neitaði tvísýni. Sjáöldur voru eðlileg. Í efri gómi vantaði tvær fremstu framtennur, og þar voru lítills háttar merki um nýlega blæðingu. Munnur og kok voru a.ð.l. án áverkamerkja. Háls var eymslalaus og engin merki um áverka á barka né barkakýli, þótt röddin væri áberandi hás. Við skoðun á taugakerfi fundust engin brottfallseinkenni.“

Þá segir enn fremur í vottorðinu, að X hafi ekki viljað gangast undir frekari skoðun á þessu stigi, en fallist á að láta taka röntgenmyndir af andlitsbeinum. Myndirnar hafi sýnt, að engin merki voru um beinbrot. Mælt var með köldum bókstrum vegna glóðaraugans. Ekki var talin ástæða til frekari meðferðar né eftirlits af hálfu slysadeildar, en haft var samráð við Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að borgarlækni yrði gert viðvart um þetta mál, svo að sjúklingur gæti komist í skoðun hjá kvensjúkdómalækni vegna málsins.

Í vottorðinu er þess ekki getið, að þær tvær framtennur, sem vantaði í efra góm X, hafi verið gervitennur, en X hefur sjálf borið, svo sem síðar er lýst, að um gervitennur hafi verið að ræða.

Dr. med. Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir skoðaði X kl. 12.15 þennan sama dag. Í vottorði hans segir svo um skoðunina:

„Skoðun: X lyktar vel af áfengi. Segir sér sé flökur og vera þreytt, er óðamála og óskýr í framsögn. Hún skerpist, er á viðtal líður, og er í alla staði samvinnuþýð. Hún er með gríðarlegt mar á andliti, en hefur verið í grandskoðun á slysadeild Borgarspítala, vísast með áverka til þeirrar skoðunar.

Kvensjúkdómaskoðun: Hrufl á innanverðu hæ. læri, annars engir ytri ávarkar. Eðlileg leggöng og legháls og tekin sýni þaðan í leit að sæðisfrumum og til kynsjúkdómaræktunar.

Smásjárskoðun: Ekki finnast sæðisfrumur í skoðuðum sýnum, því eru send sýni í meinafrumurannsókn.

Samantekt: X kærir ungan mann fyrir líkamsárás og nauðgun á Hótel City aðfaranótt þriðjudagsins 9.7. Voru drukkin, og er hún mjög þreytt við skoðun, og veður á henni, en er samvinnuþýð. Er stokkbólgin í andliti, en hefur verið í skoðun á slysadeild og vísast með líkamsáverka í þá skoðun. Ekki finnast sæðisfrumur við smásjárleit, svo að send eru sýni í meinafrumuskoðun. Teknar eru ræktanir (sic) fyrir kynsjúkdóma svo og sýni til

vefjaflokkagreiningar. X er kynnt starfsemi Stígamóta. Henni er gefinn lyf-seðill á sýklalyf í fyrirbyggjandi tilgangi gegn hugsanlegum sýkingum.“

Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, skoðaði sýni þau, sem dr. Arnar tók við kvensjúkdómaskoðunina. Í vottorði hans, dags. 30. júlí sl., segir m.a., að sæðisfrumur hafi greinst í sýninu. Mestur hluti þeirra sé með hrörnunareinkennum, en einnig sjáist heillegar, dreifðar sæðisfrumur. Þá segir, að eftir útliti að dæma gætu síðarnefndu frumurnar stafað hvort heldur væri frá samförum, sem konan átti um 21 klst. fyrir skoðun eða 10,5 klst. fyrir skoðun. Í áliti prófessorsins kemur fram, að ekki sé unnt að nota sýnin til að greina, hvort sæðið stafi frá tilteknum manni.

Í vottorði Sigurlaugar Karlsdóttur, geðlæknis á geðdeild Landspítalans, dags. 17. júlí sl., kemur fram, að X er haldin manio-depressivum sjúkdómi, og sé hún öryrki og óvinnufær af völdum sjúkdómsins. Hún þoli mjög illa ytra álag, og leiði það oft til dvalar á sjúkrahúsi. Því megi búast við, að líkamsárásin og nauðgunin leiði til langvarandi ójafnvægis (sic).

Þá kemur fram í vottorði Önnu Eiríksdóttur, félagsráðgjafa á geðdeild Landspítalans, sem átti að beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins viðtal við X 11. sama mánaðar, að hún hafi verið mjög miður sín og liðið illa vegna þessa atburðar.

Af hálfu tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins fór fram vettvangs-rannsókn í framangreindu hótélherbergi. Í vettvangsskýrslunni kemur m.a. fram, að í herberginu eru tvö aðskilin rúm, en á milli þeirra tvö náttborð. Annað rúmið var með laki og kodda, hvort tveggja töluvert blóðugt, en sæng á gólfi til fóta. Undir lakinu fundust rifnar kvennærbuxur, sem voru blóðugar á innanverðri klobfót. Undir fatahengi og við hliðina á rúminu fundust tvær tölur, sem reyndust vera sams konar þeim og voru á blússu þeirri, sem X var í þessa nótt.

Þá rannsakaði tæknideildin enn fremur fatnað þann, sem X var í þessa nótt. Skyrti, hneppt að framan með sex hnappagötum, var blóðug á framanverðum kraga báðum megin, og á hana vantaði tvær tölur; einnig var dauft blóðkám á öxlum og ofarlega á aftanverðri hægri ermi. Dauft blóðkám var báðum megin við neðanverða buxnaklauf á hnésíðum buxum, og var 17,8 cm rennilás á þeim alveg rifinn frá öðrum megin. Þá voru blóð-strokur á innanverðri klobfót þeirra.

Tæknideildin tók einnig ljósmyndir af vettvangi svo og af framangreindu laki og kodda og ofangreindum fatnaði X. Þá voru teknar andlitsmyndir af X sama dag og hún kærði atburðinn, en þær sýna áverka á andliti, einkum á hægri auga. Koma ljósmyndirnar heim og saman við rannsókn tækni-deildar, sem lýst er hér að framan.

Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn og Sævar Þ. Jóhannesson lögreglufulltrúi, sem unnu að rannsókn tæknideildar af hálfu Rannsóknarlög-

reglu ríkisins, komu fyrir dóminn og staðfestu framangreind gögn tækni-deildar.

X var yfirheyrð fyrir dóminum. Þá hafði Rannsóknarlögregla ríkisins við hana viðtal að lokinni röntgenmyndatöku 9. júlí sl., en vegna ástands hennar var ekki tekin formleg skýrsla. Hefur X staðfest, að efni viðtalsins sé rétt eftir sér haft í skýrslu Eiríks Helgasonar rannsóknarlögreglumanns.

X hefur skýrt svo frá, að hún hafi hitt ákærða á Blúsbarnum kvöldið áður og þar hafi þau tekið tal saman ásamt fleira fólki, en hún þekkti ákærða ekki áður. Þau hafi síðar um kvöldið snætt saman ásamt Ameríkana, sem þau höfðu rætt við á Blúsbarnum, og í framhaldi af því farið á Laugaveg 22 með viðkomu á öðrum stað. Þau hafi bæði neytt áfengis og verið orðin talsvert ölvuð. Hún hafi einnig verið undir áhrifum lyfja, sem hún kvaðst verða að neyta vegna sjúkdóms síns. Hún hafi ætlað að fara til Færeyja daginn eftir og hafði keypt flugmiða. Þar sem hún átti að fara snemma morguninn eftir, hafi hún ætlað að gista í bænum, en ekki ætlað upp í Breiðholt heim til sín. Því hafi hún samþykkt að fara með ákærða á hótél þessa nótt, en hann hafi stungið upp á því, að þau færu saman á hótél, en hún hafi ekkert viljað með hann hafa kynferðislega. Þau hafi farið á Hótél City við Ránargötu og hann þar greitt fyrir herbergi fyrir þau. Hún kvaðst hafa verið orðin mjög þreytt og viljað fara að sofa, en ákærði hafi leitað á hana, en hún ekkert viljað með hann hafa og sagt honum það. Í framhaldi af því hafi hann oftsinnis slegið hana í andlitið með krepptum hnefa og haft við hana samfarir að óvilja hennar. Hún vissi ekki, hvort honum varð sáðfall. Hún kvaðst hafa misst meðvitund um stund, en þegar hún rankaði við sér og varð þess vör, að ákærði var farinn út úr herberginu, hafi hún forðað sér út. Þetta hafi verið um kl. 1.00. Næturvörður hótelsins hafi hringt fyrir sig á leigubíl, sem síðar ók sér með viðkomu á leigubílastöð á lögreglustöðina við Hverfisgötu. X vísaði til ljósmyndataeknideildar um þá áverka, sem hún hlaut af völdum ákærða, og kvaðst hún enn fremur hafa misst tvær gerviframtennur í efra gómi.

Vitnið Ágúst Ragnarsson kvaðst hafa verið umrætt sinn við vinnu sína sem næturvörður á Hótél City, er þangað kom maður laust eftir kl. 1.00 og óskaði eftir tveggja manna herbergi til gistingar fyrir sig og stúlku, sem hann var með. Kvaðst Ágúst hafa sagt, að það myndi vera í lagi, og fór þá maðurinn út og náði í stúlku, sem þar beið, og greiddi hann fyrir þau gistinguna. Maðurinn hafi sýnt skilríki, og kvaðst Ágúst muna eftir því, að á skilríkjunum stóð nafnið Gauti. Hann hafi ekki séð mikil áfengisáhrif á manninum, en stúlkan hafi verið töluvert við skál. Ekki mjög löngu síðar hafi maðurinn komið og farið út, og ca. 15 mínútum síðar hafi stúlkan komið upp, og var hún þá stokkbólgin um annað augað, fötin fráhneppt og hún illa til reika. Hún hafi sagt, að maðurinn hefði slegið sig og nauðgað

sér, og hafi hann þá spurt hana, hvort hann ætti ekki að hringja á lögreglu, en hún sagt, að hún vildi frekar tala við kunningja sinn, sem hún kvað vinna á tiltekinni leigubílastöð. Hann hafi reynt að ná símasambandi við kunningjann, en það ekki tekist, og bað hún hann þá að hringja á leigubífreid, sem hann og gerði. Hann hafi spurt hana, hvort hún vildi ekki fá nafn mannsins, og hafi hún fengið það. Hann hafi skrifað nafn mannsins hjá sér á blað, þar sem hann fyllti ekki út sérstakt eyðublað fyrir gistinguna.

Vitnið Sigurður Ólafsson leigubífreidarstjóri skýrði svo frá, að hann hefði verið sendur að Hótel City og tekið þar upp stúlku umrædda nótt. Hún hefði verið blá og marin í andliti og greinilega undir áhrifum áfengis. Að ósk stúlkunnar hefði hann ekið henni áleiðis í Asparfell. Hann hefði spurt stúlkuna, hvers vegna hún væri svona illa leikin, og svaraði hún því til, að „strákurinn“ hefði barið sig og nauðgað sér. Hann hefði spurt hana, hvort hún ætlaði að láta hann komast upp með þetta, og er þau voru á Sæbraut við Snorrabraut, hefði hann spurt hana, hvort hann ætti ekki að koma við með hana á lögreglustöðinni, en hún hefði neitað því. Á leiðinni í Asparfell var haft samband við hann, og fékk hann þau skilaboð frá stöðinni á Langholtsvegi, að þar væri maður, sem vildi tala við stúlkuna. Kvaðst hann hafa skilið það þannig, að um lögreglumann væri að ræða, og ók hann með stúlkuna þangað. Er þangað kom, kom þar út maður, og sagði stúlkan þá, að þetta væri umræddur „strákur“, sem hefði barið sig og nauðgað sér. Hún hefði beðið sig að aka strax á brott, þar sem hún vildi ekki tala við hann. Bað hún hann að aka sér niður á lögreglustöð, en þar snerist henni hugur og ákvað nú að kæra manninn strax. Hann hefði ekið stúlkunni þangað og farið með hana fyrir varðstjóra, sem skráði nafn hennar. Sigurður kvaðst hafa sagt varðstjórnum frá því, sem hann vissi um málið. Að beiðni varðstjórans hringdi hann á Bæjarleiðastöðina, og var honum sagt í því símtali, að maðurinn væri farinn. Hefði varðstjórinn beðið sig að aka stúlkunni strax á slysavarðstofuna. Á leiðinni út hefðu þau séð manninn, sem vildi tala við stúlkuna á stöðinni. Hann hefði setið þar í leigubífreid og verið að fara út úr bifreiðinni og stúlkan þá viljað flýta sér í bifreið vitnisins, sem þá ók henni af stað á slysadeildina.

Vitnið Olgeir Þorvaldsson leigubífreidarstjóri minntist þess, að maður kom umrædda nótt á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg, en þar er vitnið bifreiðarstjóri. Maðurinn hefði verið í miklu ójafnvægi (sic) og farið að ræða við sig og símastúlkuna og sagt, að hann væri „alveg í rusli“ af því, að hann hefði brotið af sér og vissi ekki, hvað hann ætti að gera. Hann hefði síðan sagt þeim, að hann hefði nauðgað stúlku á hótélherbergi á Hótel City og „barið hana í klessu“. Þau hefðu sagt honum, að hann yrði að eiga þetta við sjálfan sig. Maðurinn hefði sagt eitthvað í þeim dúr, að sig hefði lengi langað til og dreymt um að fremja verknað af þessu tagi, en

nú sæi hann mikið eftir því. Sér hefði þótt frásögn mannsins líkleg miðað við það sálarástand, sem hann var í.

Olgeir minntist þess, að önnur leigubifreið hefði komið með umrædda stúlku akandi að stöðinni, en hvernig það vildi til, vissi hann ekki.

Maðurinn hefði farið út, þegar bíllinn kom, en stúlkan hefði greinilega ekki viljað tala við hann, því að bílnum hefði strax verið ekið út af planinu aftur og á brott. Maðurinn hefði síðan tekið þá ákvörðun að gefa sig fram við lögregluna, og það hann vitnið að aka sér í því skyni á lögreglustöðina við Hlemm, sem vitnið gerði. Er það ók mannum þangað, hefði maðurinn ekki vitað, að stúlkan hafði þá kært hann fyrir verknaðinn.

Vitnið Rósa Svavarsdóttir símaafgreiðslustúlka kvaðst hafa verið við vinnu sína á stöð Bæjarleiða við Langholtsveg umrædda nótt, er þangað kom maður, sem var miður sín. Hann hefði verið kófsveittur um hárið, en ekki sjáanlega undir áfengisáhrifum, en hann hefði sagt sér, að hann hefði verið við áfengisdrykkju fyrr um kvöldið eða nóttina. Hann hefði spurt sig, hvort hún myndi segja frá því, ef hún hefði gert eitthvað hræðilegt af sér, og játti hún því. Hann hefði þá sagt, að hann hefði nauðgað og lamið stúlku á Hótel City þá skömmu áður, og beðið sig að hringja niður á lögreglustöð til að kanna, hvort nauðgun hefði verið kærð. Kvaðst hún hafa gert það og fengið þau svör, að engin slík kæra hefði borist. Á meðan maðurinn var þarna, var hringt og óskað eftir bíl að Hótel City, og spurði hún bílstjórann, sem þangað fór, hvort farþeginn væri stúlka, sem væri illa til reika og með áverka. Hefði bílstjórinn játað því, og hefði hún að beiðni mannsins beðið bílstjórann að koma við þarna á stöðinni. Hefði maðurinn sagt, að hann ætlaði að biðja stúlkuna fyrirgefningar. Bílstjórinn hefði komið á staðinn, en strax ekið á brott, því að stúlkan vildi ekki tala við hann. Kvaðst Rósa hafa sagt við manninn, að ef hann sæi eftir verknaðinum, skyldi hann gefa sig fram við lögregluna og fara niður á lögreglustöð. Það hefði hann gert og Olgeir, bifreiðarstjóri á stöðinni, ekið honum í þessum tilgangi á lögreglustöðina. Skömmu síðar hefði lögreglan hringt og spurt, hvort maðurinn væri þarna á stöðinni, og hún svarað, að hann væri farinn.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins dagana 9. og 16. júlí sl. Þá var hann yfirheyrður fyrir dómi fyrrgreindan dag svo og við meðferð málsins.

Ákærði hefur allt frá fyrstu yfirheyrslu játað sakargiftir.

Hann hefur lýst aðdraganda þess, að þau fóru saman að Hótel City, á sama veg og stúlkan. Hann kvaðst hafa setið að spjalli við Ameríkana á Blús-barnum við Laugaveg. Sá ameríski hafi kallað stúlkuna að borði þeirra, og tóku þau tal saman. Síðar um kvöldið hefði hann boðið Amerikananum að borða með sér á veitingastað í sama húsi, og hefði

stúlkan fylgst með og þegið af sér veitingar. Að því loknu héldu þau þrjú áfram að drekka. Um eittleytið hefði hann stungið upp á því við stúlkuna, að þau færu saman á hótél og fengju sér gistingu, og hefði hún samþykkt það, en áður hefði ekkert verið þeirra í milli, hvorki kossar né annað því um líkt. Hann hefði tekið á leigu herbergi á Hótél City, sem var í kjallara, og greitt fyrir þau bæði. Þau hefðu bæði verið orðin mjög drukkin. Tvö aðskilin rúm hefðu verið í herberginu, og hefði stúlkan lagst upp í annað í öllum fötum og sagt við sig, að hún væri ekki til í „neitt kysserí“ eða slíkt og lagst til svefns. Hann hefði afklætt sig úr öllu nema nærbuxum og farið yfir í rúmið til hennar, en hún ekkert viljað með sig hafa. Hann hefði haldið áfram að reyna að koma henni til við sig kynferðislega, en ekkert gengið, stúlkan hefði sagt, að hún vildi „ekkert svona“. Hann hefði reynt að losa um tölur á blússu hennar, en gefist upp á því og rífið af henni blússuna, en skömmu áður hefði hún sagt við sig, að hún vildi komast í síma, en hann ekki leyft henni það. Hún hefði reynt að dangla eitthvað í sig, en hann þá tekið fyrir munn henni og í framhaldi af því slegið hana eitt hnefahögg í andlitið í þeim tilgangi, að sér reyndist auðveldara að koma fram vilja sínum við hana. Við höggið hefði hún misst meðvitund. Þá hefði hann hreinlega rífið utan af henni fötin, en hann myndi ekki, hvort hann reif nærbuxur hennar líka, og í framhaldi af því hefði hann haft við hana kynmök. Í byrjun makanna hefði stúlkan verið meðvitundarlaus, en síðan rankað við sér. Hann kvaðst ekki muna, hvort hún streitist þá á móti. Sér hefði ekki orðið sáðfall, og þar sem hann varð mjög reiður af því, hefði hann slegið stúlkuna nokkur hnefahögg með hægri hendi í andlitið. Stúlkan hefði ekkert viðnám veitt, er hér var komið sögu. Það hefði eingöngu verið vegna reiði sinnar af því að verða ekki sáðfall, að hann sló hana. Að þessu loknu hefði hann farið úr rúmi hennar og kveikt ljósið og þá séð áverka á stúlkunni, m.a. hefði annað auga hennar verið bólgið. Kvaðst ákærði ekki mótmæla því, að afleiðingar árásar sinnar á stúlkuna væru þær, sem í ákæru greinir. Þessu næst kvaðst ákærði hafa klætt sig og farið út og hlaupið í átt að miðbænum. Hann hefði ætlað heim til sín og tekið leigubíl við Naustið og beðið bílstjórann að aka sér að Álfheimum 112, en það númer væri ekki til. Bílstjórinn hefði hleypt sér út á Álfheimunum, en ákærði hugðist ganga heim að Álfheimum 5, þar sem hann leigði herbergi. Sér hefði hins vegar snúist hugur og hann forðað sér og því gengið fram hjá heimili sínu að leigubílastöð við Langholtsveginn. Hann hefði rætt þar við símastúlkuna og einn bílstjóranna og sagt þeim frá verknaðinum. Hann hefði beðið símastúlkuna að hringja á lögreglustöðina og spyrja, hvort kæra hefði verið lögð fram vegna líkamsárásar og nauðgunar, hvað hún gerði. Hefði hún sagt, að svo væri ekki. Hann hefði í framhaldi af því ráðfært sig við stúlkuna um það, hvað hann ætti að gera. Hún hefði

sagt sér, að leigubíll væri að aka stúlkunni í Breiðholtið. Hann hefði þá beðið hana að ná sambandi við bílinn og fá bílstjórann til að aka stúlkunni á stöðina á Langholtsveginum, hvað bílstjórinn gerði. Þegar bíllinn kom, hefði stúlkan hins vegar ekki viljað við sig tala og bílnum verið ekið á brott. Hann hefði ekki vitað betur en stúlkan væri á leiðinni upp í Breiðholt. Hann hefði fengið bílstjóra á stöðinni til að aka sér á lögreglustöðina við Hlemm. Þegar þangað kom og ákærði var í þann veginn að fara út úr bifreiðinni, var þar leigubíllinn, sem ók stúlkunni. Kom bílstjórinn og sá hann og fór svo inn á stöðina, en kom að vörmu spori með tvo lögregluþjóna með sér. Báðu þeir ákærða að koma með sér, hvað hann gerði.

Ákærði segir, að þegar hann kom á lögreglustöðina í því skyni að gefa sig fram, hefði hann ekki vitað, að stúlkan var þegar búin að kæra hann, en í viðtali við varðstjóra hefði komið fram, að stúlkan hefði kært sig fyrir líkamsárás, en ekkert verið minnst á nauðgun. Hann hefði hins vegar sjálfur sagt varðstjórann, að hann hefði að auki nauðgað stúlkunni.

Ákærði gerði engar athugasemdir við framburð framangreindra vitna að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki minnst þess að hafa sagt við leigubílstjórann, sem hann ræddi við á leigubílastöðinni við Langholtsvegin og síðar ók honum niður á lögreglustöð, að sig hefði dreynt um að fremja verknað sem þennan.

Niðurstöður.

Ákærði hefur játað sakargiftir og skýrt hreinskilnislega frá málavöxtum frá upphafi. Þykir sannað með játningu hans, sem fær stoð í framburði vitnisins X og annarra vitna svo og öðrum gögnum, svo sem læknisvottorðum og rannsóknargögnum tæknideildar, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, sem hann er ákærður fyrir. Sá verknaður ákærða að þröngva stúlkunni með ofbeldi til samræðis við sig varðar við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, en líkamsárás ákærða á hana varðar við 217. gr. sömu laga, en lagður er til grundvallar sá framburður stúlkunnar, að tennur þær, sem ákærði sló úr henni, hafi verið gervitennur. Við mat á refsingu ákærða verður litið til þess, að árás hans á stúlkuna, áður en hann kom fram vilja sínum við hana svo og eftir það, var ófyrirleitin og með öllu tilefnislaus og að ákærði hóf samfarirnar við hana meðvitundarlausu, svo að hún kom engum vörnum við. Hins vegar gaf ákærði sig fram við lögreglu að fyrra bragði og hefur frá upphafi játað brot sitt hreinskilnislega og undanbragðalaust, sbr. 8. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig með hliðsjón af 9. tl. 74. gr. sömu laga. Þá ber við ákvörðun refsingar ákærða að vísa til ákvæða 77. gr. sömu laga.

Ákærði hefur ekki fyrr hlotið refsingu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi.

X hefur með skírskotun til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga krafist þess, að ákærði greiði sér 1.000.000 kr. í miskabætur. Ekki er krafist vaxta af fjárhæðinni. Ákærði vildi ekki tjá sig um skaðabótakröfuna, en fól verjanda sínum að taka afstöðu til hennar. Verjandinn hefur krafist þess, að bótakrafan verði stórlega lækkuð. Svo sem gögn málsins bera með sér, hefur brotþoli, sem er haldinn geðrænum sjúkdómi, orðið fyrir andlegum og líkamlegum þjáningum vegna þeirrar háttsemi ákærða, sem hann hefur verið sakfelldur fyrir. Þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 300.000 krónur.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gauti Ólafsson, sæti 18 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði X 300.000 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur.
